Winnipeg.

Ársfundur í prentfél. Hkr. í kvöld, kl. 8, í prentsmiðjunni.

Nú er sagt að W. B. Scarth verði næsti governor í Manitoba.

Hr. Gísli Jónsson, smikkari í Glenboro, heilsaði upp á oss á miðvikud.

Hr. Hjálmar Hjálmarsson hefir umboð til að innheimta fyrir Hkr. í Þingvalla.

Guðsþjónusta verður höfð í Únitarakyrkjunni á nýársdagskveld kl. 7. Söngur verður þá sérlega góður og auk orgelsins verður spilað á cornet og fiðlin. Auðvitað verður þar og messað annaðkveld á venjulegum tíma.

Kvef í höfðinu. — Nasal Balm linar það undireins; læknar á stuttum tíma. Bgeei.rzldt a (1

Hr. Skapti Arason, bóndi í Argyle, kom til bæjarins með konu sína og dvaldi fram yfir jólin og sömuleiðis Hr. Árni Gottskálksson, frá Argyle.

Guðsþjónustur verða haldnar í Tjaldbúðinni á morgun kl. 11 f. h. og kl. 7 e. h. Þar verður og samkoma á gamlárskveld kl. 11½ e. h. og guðsþjónusta á nýársdag kl. 3 e. h.

Hr. Guðm. Einarsson, einn af efnabændunum í Dakota, heilsaði upp á oss á miðvikudaginn. Kom kynnisför til kornkunningja sinna í bænum og dvaldi fram yfir jólin.

Hr. Jóhannes Sigurðsson, kaupmaður að Hnausum, kom til bæjarins á laugardaginn var og fór af stað á sunnudag austur til Detroit, Mich., í fiskiverslunar erindum.

Venjuleg vetrarveður gekk í garð jafnframt jólunum. Á aðfangadaginn var talsvert frost en þó engum til óþægindi við útivinnu. Á jóladaginn var um 20 stiga frost og að morgni þess 26. nær 30 fyrir neðan zero, en mildara síðan.

Ráðsmaður Winnipeg-sýningarfélagsins, J. K. Strachan, hefir sagt af sér. Reikningar sagðir óhreinir. "Tribune" kærði hann svo fyrir fjárdrátt og hefir nú fengið loforð fyrir meiðyrðamáli fyrir.

Nýárs-bill. undir forstöðu nokkurra ungra manna, verður haldið í North West Hall á mánudagskvöldið kemur, gamlárskvöld. Þeir sem hafa fengið boðsbréf frá forstöðunefndinni. eru beðnir að hafa þau með sér og framvísa þau við dyrnar, því boðsbréfið gildir sem aðgöngumiði.

Almanak með íslenzku tímatali fyrir 1895, hefir Ólafur S. Thorgeirsson prentari gefið út. Auk tímatalsins eru í því: Fiskiveiðareglurnar í Manitoba, landtökulögin, vigt og mál, póstgjald, póstávísanir, ísl. friðdómarar í Man., o. fl., o. fl. Almanakið kostar 10 cts. og er vel þess virði — Sjá auglýsinguna á öðrum stað.

Eftir núverandi horfum verður mikið um kornhlöðu (Elevator) byggingar hér vestra að sumri. Skógavatns-mylnufélagið ráðgerir að byggja 18, er taki minnst 30,000 bush. hver, og Ogilve félagið ráðgerir að byggja 6 og að auki að stækka að mun hveitimylnu sína hér í Winnipeg.

Leiðréttingar. Höf. kvæðisins: "Kveðja til Miss Chr. Thordarson," er birtist í Hkr. 15. Des., biður oss að leiðrétta eftirfarandi villur: Í 1. erindi stendur: og hér sé gnægð og gaman, á að vera gnægð *af*; í 3. erindi stendur: þá eina höfum þrá, á að vera: þá *einu*; í 5. erindi stendur: að óskum ljós það lysi, á að vera: *við* óskum; í 8. erindi stendnr: senn löngun vor og þrá. á að vera: *sem* löngun *var*, o. s. frv.

Sveitakosningarnar í N. Ísl.

Þau urðu úrslitin, að Jóhannes Magnússon náði kosning sem oddviti með *einu* atkvæði umfram Stefán Sigurðsson, Benedikt Arason fékk 7 atkv. fleira en St. Ó. Eiríksson, og Pétur Bjarnason 19 atkv. fleira en Þorv. Þórarinsson. Endurkjörnir án gagnsóknar voru þeir Jóhann Straumfjörð og Sigurður Sigurbjörnsson.

Hvað oddvitakosninguna snertir, þá er öldungis yfirgengilegt, að Stefán skyldi ná þeim atkvæðafjölda er hann náði, og sem viðurkent er að sé hans, þegar athugað er hvaða öflum var beitt á móti honum. Því yfirgengilegra er þá, að hann í raun og veru fékk *2 atkv. fleira* en Jóh. Magn., en þó er það svo. Áður en kosningar fóru fram, var það samningur milli málsaðila, að ekki skyldi ónýtt neitt atkv. þó eitthvað kynni að mega finna að kjörmerkinu, svo framarlega sem greinilegt var, hvaða manni var ætlað atkvæðið. Þessum samningi var samvizkusamlega framfylgt nema í Mikley. Þar voru 3 greinileg atkv. Stefáns gerð ónýt, greinileg að því leyti, að enginn efi var hverjum þau voru ætluð. Á sama stað var og eitt atkv. enn gert að engu fyrir Stefáni, þannig, að kjörstjóri heimtaði eið af bónda einum upp á það, að hann hefði unnið sinn þegnskyldueið. Það var líklega öllum viðstöddum ósköp vel kunnugt, að þetta hafði maðurinn gert fyrir löngu síðan, því án þess hefði hann ekki fengið eignbréf fyrir heimilisréttarlandi sínu. Kjörstjóri vissi vel hvern mann þessi bóndi vildi hafa í oddvitasætinu, og því gerði hann honum þessa háðung, en bóndi neitaði að gerast leikfíll hans og fór burt án þess að kjósa.

Hvað snertir afskipti Greenwaystjórnarinnar í þessu máli, þá eru þau henni til svívirðingar, til meiri svívirðingar jafnvel en verkfærum hennar, því þau voru þó að vinna sér fyrir bita og spæni, og það er æfinlega afsökun, þó nokkuð harðræðislegt virðist að ljá sig til að vinna jafn sóðalegt verk, svo sóðalegt, að kærulaus og siðferðislega staurblindur eins og Greenway er, mundi hann ekki þora að bera slíkt við á sama hátt nokkurstaðar annarstaðar í fylkinu en í Nýja Íslandi. Þessi verkfæri Greenways skiptu sér þannig, að McDonnell var í Mikley, Sigtryggur Jónasson við Íslendingafljót og Jón Júlíus á Gimli. Hvað þessir menn svo gerðu sinn í hvoru lagi, er nokkuð, sem ekki fara sögur af. En til dæmis upp á það, hvað drengilega var unnið fyrir Jóhannes, er sagt, að einum bónda í Árnesbygð hafi verið lofað uppgjöf á skattinum, ef hann vildi kjósa Jóhannes Magnússon. Enn fremur er þess getið, að *daginn fyrir kosningarnar* hafi Jón Júlíus tekið til starfa í umboði og nafni drottins vors Greenways, að rífa burtu rekavið og hrísrusl í og fram með farvegi Víðirárinnar. Við það höfðu fengið atvinnu 6 menn, en gefið hafði verið í skyn, að nálægt 30 mans fengju atvinnu við þetta undir eins og McDonnell kæmi að norðan. Þetta eru að eins sýnishorn, en af þeim má ráða við hvaða ofureffi Stefán Sigurðsson hefir átt að stríða.

Hvernig skyldi því verða tekið, ef Greenway tækist í fang að moka snjó af strætum í Winnipeg daginn næsta á undan bæjarkosningum, eftir að hafa haft einn umboðsmann fyrir hverja hundrað kjósendur að vinna heila viku að atkvæðasmölun fyrir ákveðna menn í bæjarstjórn? Greenway er það svo ljóst, hvernig þá færi fyrir honum, að opinberlega þorir hann ekki að leggja þar neitt til mála, enda hvað sem í boði væri. En hann er allskostar óhræddur að "grassera" í Nýja Íslandi og brjóta og margbrjóta og troða undir fótum sín eigin kosningalög.

Listfengir myndasmiðir.

Nokkrir bæjir í Canada geta stært sig af góðum myndasmiðum, sem geta fyllilega borið sig saman við iðnbræður sína hvar sem er heimi, hvað fegurð og frágang myndanna snertir. Eðlilega er aðsókn mikil að þessum mönnum, sérstaklega af þeim sem sækjast eftir vönduðum myndum, og borga þó ekki meira fyrir þær en aðrar myndir.

Á hverjum degi eykst tala þeirra stórum sem brúka Diamond Dyes í heima húsum. Þeir eru seldir fyrir 10 cts. þakkinn, og úr þeim má lita meira efni heldur en öðrum litum, og lita það svo vel að ánægja sé að. Litirnir eru ekki daufir; efnið skemmist ekki. Það gengur litill tími til þess, og þú getur ætið mælt með þeim meðal kunningja þinna.

Almanak fyrir 1895

með íslenzku tímatali

ásamt mörgu fleiru fræðandi og gagnlegu fyrir hvern mann að vita, er nýkomið út og kostar að eins

10 cents.

Er til sölu á prentsmiðju Lögbergs, í Bókaverzl. W. H. Paulsonar, 618 Elgin Ave. og í flestum íslenzku verzlununum í Winnipeg og út um landsbygðirnar.

Opið bréf frá Dr. Evans.

NÁKVÆMLEGA RANNSAKAÐ AF THE CANADA FARMERS' SUN.

Miss Koester og foreldrar hennar bera vitni með bréfinu. — Aðferð læknisins við að opinbera bréfið fullkomlega heiðarleg.

Eftir Farmers Sun.

Í opnu bréfi sem prentað var í í blaðinu Farmers' Sun, 19 Sept. með undirskrift Dr. Evans frá Elmwood, var minnst á hið merkilega sjúkdómstilfelli. Miss Christina Koester frá North Brant, sem hafði verið undir umsjón læknisins í Marz 1892, og var þá veik af langvarandi bólgu í vinstra lungnablaðinu, sem var í þann veginn að snúast upp í tæringu. Í Júní sama ár fór henni mjög aftur, og hafði stöðugan hósta með graftarkenndum uppgangi, og þess á milli, hitasótt, Hún var talin af þangað til að Dr. Evans, eftir að öll önnur meðöl höfðu reynst gagnslaus fór hann að gefa henni til reynslu Dr. Williams Pink Pills. Áður en vika var liðin var bati merkjanlegur, og eftir mánuð gat Miss Koester keyrt til Elmwood, sem er sex mílur frá heimili hennar, og var þá orðin hress nema hvað hún var óstyrk eftir leguna.

Þegar frásaga læknisins kom fyrir almennings sjónir vakti hún töluverða eftirtekt, einkum af því það var mál manna að læknafélagið mundi gefa honum ákúrur fyrir að hafa viðurkent meðal sem auglýst er í dagblöðum.

Maður frá The Canada Farmers Sun varsendur út til að leita upplýsinga í þessu efni, og komast eftir að hve miklu leyti saga læknisins væri staðfest af foreldrum stúlkunnar.

Hann fann Miss Koester og foreldra hennar heima hjá þeim nálægt North Brant. Miss Koester er myndarleg og hraustleg stúlka, átján ára að aldri. Hún segist nú vera heilsuhraust, og geta unnið hvað sem fyrir komi og hefði síðan hennl batnaði aldrei fundið til hinna gömlu veikinda sinna.

Tado Koester, faðir Christina sagði að það sem sagt væri um dóttir sína í opnu bréfi frá Dr. Evans væri rétt. "Hún varð fyrst veik 15. Marz 1892 og eftir að hún hafði verið undir læknishendi í hálfan mánuð virtist hún vera að konfa til, en samt tók veikin sig upp aftur miklu ákafari en áður. Hún hafði ákafan hósta á nóttum, og spýtti miklu af graftarkendum uppgangi. Við vorum alveg hætt að vonast eftir bata, og sátum eittsinn uppi með hana heila nótt, og bjuggumst við að hún mundi þá og þegar gefa upp öndina. Eftir að hún fór að brúka Pink Pills tók hún fljótan bata. Hóstinn minkaði, og eftir einn mánuð var hún alveg hætttur og þá gat hún eins og sagt er í bréfi læknisins keyrt alla leið til Elmwood. Hún brúkaði pillurnar þangað til í Okt. Christina hefir verið hraust síðan og hefir hjálpað til við uppskeru og hvað annað heima við.

Mrs. Koester staðfesti sögu bónda sins, og var áköf í að segja frá hvernig dóttir hennar hefði með sér eftir hinn illa sjúkdóm sem hún svo lengi þjáðist af.

Í tilliti til gjörða Dr. Evans í að opinbera frásöguna um sjúkdóm stúlkunnar verður víst flestum að segja að hann hafi haft fullan rétt til þess, og með því að foreldrar stúlkunnar hafa með framburði sínum staðfest sögu læknisins þá er engin ástæða til að efast um að hún sé sönn.

Safnaðarfundur.

Á fimtudaginn 3. Jan. næstk. kl. 8 e. h. heldur Tjaldbúðarsöfnuður ársfund sinn í Tjaldbúðinni (horn Sargent og Furby Str.). Þar verða kyrkjureiðningar safnaðarins lagðir fram og kosnir fulltrúar fyrir 1895 o. s. frv.

STEINOLÍA

á 20, 25 og 30 cts. gallonið.

Flutt borgunarlaust til allra staða í börginni. Pantanir sem lagðar eru inn hjá undirskrifuðum verða afgreiddar fljótt og vel:

Thorbj. Guðmundsson 519 Nellie Ave. Ólafur Ólafsson 216 Nena Str. Jacob Thorsteinsson 124 Lydia Str. eða

J. S. BAIN

EIGANDA. Toronto Str.

Íslendingar!

Þér fáið hvergi betri hárskurð og rakstr en hjá

Sam. Montgommery,

Rakstur 10 cents. Hárskurður 15 cents.

. . . . 671 Main Str.

Eftirmaður S. J. Schevings.

ÍSLENZKR LÆKNIR

DR. M. HALLDORSSON,

Park River — N. Dak.

Dominion of Canada.

Abylisjardir okeypis fyrir milionir manna.

200,000,000 ekra

í hveti og beitilandi í Manitoba og Vestr-territóríunum í Canada ókeypis fyrir landnema. Djúpr og frábærlega frjósamr jarðvegr, nægð af vatni og skógi, og meginhlutinn nálægt járnbrautum. Afrakstr hveitis af ekrunni 20 bushel, ef vel er umbúið.

Í inu frjósama belti

í Raudárdalnum, Saskatchewan-dalnum, Peace River-dalnum og umhverfisliggjandi sléttlendi eru feikna-miklir flákar af ágætasta akrlendi, engi og beitilandi—inn víðáttumesti fláki í heimi af lítt bygðu landi.

Málmnámaland.

Gull, silfr, járn, kopar, salt, steinolía o. s. frv. Ómeldir flákar af kolanámalandi; eldiviðr því tryggr um allan aldr.

Járnbraut frá hafi til hafs.

Canada-Kyrrahafs-járnbrautin í sambandi við Grand Trunk og Inter-Colonial-brautirnar mynda óslitna járnbraut frá öllum hafnstöðum við Atlanzhaf í Canada til Kyrrahafs. Sú braut liggr um miðhlut frjósama beltisins eftir því endilöngu og um hina hrikalegu, tignarlegu fjallaklasa, norðr og ver n og um in nafnfrægu Klettafjöll Vestrheims.

Heilnæmt loftslag.

Loftslagið í Manitoba og Norðvestrlandinu er viðrkent ið heilnæmasta í Ameríku. Hreinviðri og þurviðri vetr og sumar; vetrinn kaldr, en bjartr og staðviðrasamr; aldrei þoka og súld og aldrei fellibyljir, eins og sunnar í landinu.

Sambandsstjórnin í Canada

gefr hverjum karlmanni yfir 18 ára gömlum og hverjum kvennmanni, sem hefir fyrir familíu að sjá,

160 ekrur af lnndi

alveg ókeypis. Hinir einu skilmálar eru, að landnemi búi á landinu og yrk það. Á þann hátt gefst hverjum manni kostr á að verða eigandi sinnar ábýlis jarðar og sjálfstæðr í efnalegu tilliti.

Íslenzkar nýlendur

í Manitoba og canadiska Norðvestrlandinu eru nú þegar stofnaðar í 6 stöðum Þeirra stærst er NÝJA ÍSLAND, liggjandi 45—80 mílur norðr frá Winnipeg á vestrströnd Winnipeg-vatns. Vestr frá Nýja Íslandi, í 30—25 mílna fjarlægð er ALFTAVATNS-NÝLENDAN. Í báðum þessum nýlendum er mikið af ónumdu landi, og báðar þessar nýlendr liggja nær höfuðstað fylkisins, en nokkr hinna. ARGYLE-NYLENDAN er 110 mílur suðvestr frá Winnipeg; ÞINGVALLA-NÝLENDAN, 260 mílur norðvestr frá Winnipeg; QU'APPELLE-NÝLENDAN um 20 mílur suðr frá Þingvalla-nýlendu, og ALBERTA-NYLENDAN um 70 mílur norðr frá Calgary, en um 900 mílur vestr frá Winnipeg. Í síðast töldum 3 nýlendunum er mikið af óbygðu, ágætu akr- og beitilandi.

Frekari upplýsingar í þessu efni getr hver sem vill fengið með því, að skrifa um það:

H. H. SMITH,

Eða **B. L. Baldwinson,** *isl. umboðsm.*

Winnipeg, - - - - Canada.

Peningar!

Peningar!

Peningar!

VÉR ÞUREUM

$3000.00

fyrir 1. Janúar í

Blue Store.

MERKI: BLÁ STJARNA.

434 Main Str.

Hvað sem það kostar
Þá þurfum vér að fá það
Vér verðum að fá þessa peningaupphæð með einhverju móti fyrir nýár. Blíðviðrin sem gengið hafa nú um tíma, hafa skemt fyrir oss verzlanina og þess vegna verðum við nú að reyna að bæta það upp fyrir nýár. Vér vörum alla við að eyða peningum sínum fyrir föt, þangað til þeir hafa reynt hvað þeir geta fengið fyrir þá í BLUE STORE.

Takid eftir!

Buxur.....	$1.00
Fallegar vaðmálsbuxur	$1.50
Buxur, $6.50 virði....	$3.50
Alfatnaðir, með allskonar litum, $9.50 virði	$6.00
Alfatnaðir með tvíhneftum treyjum.....	$8.00
Alfatnaðir úr skozku vaðmáli, $17.00 virði,	$10.00
Karlmanna-kragar úr bezta efni	$2.00
og yfir	

☞ Öll föt pössuð á í búðinni.

The Blue Store,

MERKI: BLA STJARNA.

434 MAIN STR.

A. Chevrier.

"Já, herra, ef yðar hátign svo þóknast.

"Sannarlega skulum við þá hafa skemmtun jafnframt þessum rannsóknarrétti", svaraði Pétur og stökk úr stólnum. Skipaði hann þá þjónunum að kveikja ljós á augnablikinu, því nú þyrftu menn að halda á augunum. Öðrum þjónum skipaði hann að sækja hinn gríska snilling Demetrius og koma með tvö egglaus skilmingasverð.

Þeir stóðu lafhræddir og sem þrumu lostnir hertoginn og Urzen, en þorðu ekkert að segja móti þessari fyrirætlun. Þeir sáu greinilega að keisarinn hlakkaði til að sjá aðdáanlega vopnfimi, íþrótt, sem hann umfram alt vildi að hermenn sínir æfðu. En svo var það sannast, að þeir vonuðu staðfastlega að Grikkinn mundi auðveldlega yfirvinna bæsusmiðinn, svo fljótt, að Pétur gæti ekki greint hve mikill maður Nevel var.

Innan stundar gekk skilmingakennarinn inn í salinn og hafði með sér tvö sverð á meðal stærð, ávöl fyrir odd og egg, svo þau gætu ekki sært þá er léku.

"Ég hefi sent eftir yður, Demetrius", sagði Pétur, "í þeim tilgangi að fá að sjá yður sýna íþrótt yðar. Hér er maður, sem mönnum ekki kemur saman um hvað vopnfimur sé, og eigið þér að hjálpa oss til, að gera úrskurðinn. En gætið þess að þetta er gert í gamni og gamni einungis. Rúrik Nevel, takið sverðið".

Rúrik gekk fram og rétti vinstri höndina eft,

tvær einar", sagði Rosalind, "fyrsta tækifærið síðan í morgun. Segðu mer nú frá þessum svartmunki. Hvað sagðist hann heita?"

"Valdimar", svaraði Zenobie.

"Einmitt það. Ég man nú að hafa heyrt getið um hann og ef mig misminnir ekki, er hann nokkurs konar huldumaður, sem allir og enginn þekki".

"Það er ég viss um að er rétt", svaraði Zenobie. "Ég er eins viss um að ég hefi séð hann áður, eins og ég er viss um að ég hefi séð þig fyrr en í dag".

"Heldurðu það?"

"Já".

"Og hvar?"

"Já, það er nú galdurinn", svaraði Zenobie og hristi höfuðið. "Það er einmitt það sem ég á engan hátt get komið fyrir mig. Hann þekkir helzt alla, og þó hefir hann ekki verið nema stutta stund í bænum, ef dæmt er eftir tali hans".

"Um hvað var hann þá að tala við þig?" spurði Rosalind.

"Það var í kyrkjunni—St. Stephansarkyrkjunni, að hann gerði mér bendingu um að tala við sig. þegar ég var í þann veginn að ganga út. Hann var inn við altarið og gekk ég til hans, en hann byrjaði undir eins að tala um þig".

"Um mig" tók Rósalind upp".

"Já. og um—Rúrik".

"Og hvað var hann að spyrja um okkur?" spurði Rósalind og dreyrroðnaði.

ið yður til að flytja þetta mál eins og þér hafið gert. Svo megið þér fara.—Ekki eitt orð".

Olga gekk út svartur á svipinn og eftir honum fylgdi Urzen og var æriðskömmóttulegur.

Þegar þeir voru farnir sneri Pétur sér til sigurvegarans og sagði: "Ef þér, Rúrik Nevel, farið burt úr Moskva án míns leyfis, þá gerið þér það á eigin ábyrgð. Ég ætla mér ekki að missa sjónir af yður. Þér eruð frjálsir".

Klukkustund síðar sat Rúrik hjá móður sinni og sagði henni alla söguna—alt nema síðustu orðin, er keisarinn talaði við hann. Hann vildi ekki segja henni þau, af því hann gat ekki greint hvert þau bauðuð honum gott eða illt.

VIII. KAP.

Gríman fellur af andliti skálksins,

Tveimur vikum síðar en ofangreind atvik gerðust, sat Rosalind Valdai inni í stofu sinni og var Zenobie hjá henni. Það var þreifandi stórhríð úti og komið undir sólarlag.

"Loksins höfum við þá næði að tala saman

ir sverðinu, en hina hægri rétti hann fram til að heilsa Grikkjanum. Demetrius tók kveðjunni vingjarnlega, því hann sá þegar að hér átti hann við ælegan, góðann dreng. Vaxtarlag þeirra var talsvert líkt. Demetrius var litið eitt hærri, en Rúrik aftur var heldur vöðvameiri.

Það var orðið myrkt, en hinar mörgu og stóru ljósakrónur lýstu svo salinn að bjart var inni eins og um há dag.

"Þetta ómak er ekki mér að kenna, herra minn", sagði Rúrik við Demetrius, "en víst skal ég viðurkenna, að lengi hefir mig langað til að reyna mig við yður í gamni. Svo ætla ég að bæta því við, að ég þykist beita vel".

"Mér lízt vel á yður", svaraði Demetrius, "og ef þér yfirbugið mig, skal álit mitt ekki rýrna, né óvinátta standa af. Ég get líka staðið við að verða undir einu sinni, þar sem ég æfinlega hefi verið sigurvegarinn síðan fyrst ég byrjaði að skilmast".

"Áfram nú!" sagði Pétur, sem beið með óþolinmæði eftir leiknum. "Látið oss sjá hvernig þér byrjið. Færið yður á stöðusviðið. Svona".

Til að sjá mátti ætla að tvíburar væru þarna að reyna sig, svo líkir voru þeir Rúrik og Demetrius, er þeir sneru hvor á móti öðrum og brugðu sínum saklausu sverðum. Demetrius sótti, en Rúrik varðist og viðhöfðu báðir alla varúð. Eftir litla stund skiftu þeir um þannig, að Rúrik sótti, en Grikkinn varðist. Smá-harðn aði þá hvíðan og innan skamms laust sverðun-